



Ármann Kristinn Ólafsson
bæjarstjóri

Kópavogi, 13. desember 2021
2112006/031.01 Sp

Minnisblað um breytta skipan barnaverndar hjá sveitarfélögum lagt fyrir fund bæjarráðs Kópavogsbæjar þann 16. desember 2021.

Á síðasta löggjafarþingi voru gerðar breytingar á barnaverndarlögum sem lúta fyrst og fremst að breytttri stjórnskipan barnaverndar sveitarfélaganna. Breytingarnar taka gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum þann 28. maí 2022. Aðrar breytingar á núgildandi barnaverndarlögum nr. 80/2002 koma til framkvæmda þann 1. janúar 2022.

Lengi hefur verið kallað eftir meiri fagþekkingu innan barnaverndarnefnda sveitarfélaganna þar sem barnaverndarnefndir hafa skv. núgildandi lögum ríkar heimildir til töku stjórnvaldsákvæðana sem varða líf barna og fjölskyldna þeirra. Barnaverndarnefndir sveitarfélaganna eru í dag fimm manna pólitískt skipaðar nefndir. Núgildandi barnaverndarlög gera ráð fyrir að formaður nefndarinnar sé löglærður en ekki er um lagaskilyrði að ræða. Fæstar barnaverndarnefndir landsins hafa á að skipa lögfræðingi sem sinnir formennsku en nefndirnar skulu engu að síður lögum skv., boða lögfræðing til fundar þegar kveða þarf upp úrskurði.

Athugasemdir hafa snúið að því að lýðræðislega kjörnir fulltrúar tiltekinna stjórnmalaflokka sveitarfélaga séu ekki best til þess fallnir að taka íþyngjandi og oft afar erfiðar og flóknar ákvarðanir sem varða svo viðkvæm mál sem barnaverndin sannarlega er. Sveitarfélögin bera ábyrgð á daglegri vinnslu barnaverndarmála og er skylt að hafa í sínum röðum fagfólk með þekkingu á barnavernd og má þar m.a. nefna félagsráðgjafa, þroskaþjálfara, sálfræðinga og aðrar fagstéttir.

Barnaverndarnefndum sveitarfélaganna er skylt að setja sér reglur um framsal valds til starfsmanna sem tilgreinir þau verkefni sem nefndin felur starfsmönnum og má þar t.d. nefna móttöku barnaverndartilkynninga, kannanir mála, vinnslu og gerð meðferðaáætlana, eftirfylgd þar sem sótt er um nauðsynleg úrræði, beiðnir um lögreglurannsókn í málum sem varða grun um ofbeldi gegn barni o.s.frv. Starfsmenn barnaverndarnefnda sveitarfélaganna hafa ekki heimild til þess að taka ákvarðanir sem varða vistanir barna utan heimilis án samþykkis barns/forsjáraðila, ákvarðanir um úrræði ef samþykki liggur ekki fyrir, ákvarðanir um fyrirkomulag umgengni þegar börn eru vistuð utan heimilis og ágreiningur er uppi um tíðni umgengni o.s.frv. Barnaverndarnefndum sveitarfélaganna er falið það vald og umboð til



ákvarðanatöku lögum skv. og verður enn skerpt á því með breytingu barnaverndarlaga.

Barnaverndarþjónusta sveitarfélaga

Samkvæmt lögum verða barnaverndarnefndir sveitarfélaganna í núverandi mynd lagðar niður og í stað þeirra verða starfræktar tvær aðskildar einingar á vettvangi sveitarfélaganna, annars vegar barnaverndarþjónusta sveitarfélaganna og hins vegar umdæmisráð barnaverndar.

Barnavernd Kópavogsbæjar mun því verða Barnaverndarþjónusta Kópavogsbæjar. Barnaverndarþjónusta sveitarfélagsins mun skv. 10. gr. breyttra laga bera ábyrgð á verkefnum og ákvörðunum skv. lögnum sem ekki eru sérstaklega falin öðrum. Fastanefnd sveitarfélagsins mun fara með yfirstjórn barnaverndarþjónustu sveitarfélagsins og mun það að öllu óbreyttu, koma í hlut velferðarráðs Kópavogsbæjar í stað barnaverndarnefndar. Hvorki sveitarstjórn né fastanefnd er heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirhaldi um meðferð einstakra mála og er eingöngu heimilt að afla upplýsinga frá barnaverndarþjónustu sem eru nauðsynlegar fyrir yfirstjórn. Má í því samhengi nefna tölulegar upplýsingar um fjölda og eðli tilkynninga, þróun málaflokksins m.t.t. útgjalda og kostnaðar sem og almenn verkefni og umsagnarmál.

Vald til fullnaðarafgreiðslu mála verður í samþykkt sveitarstjórnar falið einum eða fleirum úr hópi starfsfólks barnaverndarþjónustu og kemur í staðinn fyrir núgildandi málsmeðferðarreglur barnaverndarnefndar og reglur um framsal valds til starfsmanna líkt og rakið var hér að framan.

Barnaverndarþjónusta sveitarfélaga skal hafa yfir að ráða nægri fagþekkingu og er sérstaklega fjallað um að ráðgjafi sé heimilt að setja reglugerð, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, um næga fagþekkingu. Í umdæmi hvernar barnaverndarþjónustu skulu vera að lágmarki 6.000 íbúar og er sveitarfélögum sem ekki uppfylla skilyrði um lágmarksíbúafjölda heimilt að starfrækja sameiginlega barnaverndarþjónustu.

Barnaverndarþjónusta í umdæmi þar sem barn á fasta búsetu á úrlausn um málefni þess. Ef foreldrar hafa samið um skipta búsetu barns skv. ákvæðum barnalaga á barnaverndarþjónusta í umdæmi þar sem barnið á lögheimili úrlausn um málefni þess. Barnaverndarþjónusta í umdæmi þar sem barn á fasta búsetu á rétt til aðgangs að gögnum sem liggja fyrir hjá barnaverndarþjónustum í öðrum umdæmum sem hafa haft mál barnsins eða foreldra þess til meðferðar. Ef barn flyst úr umdæmi barnaverndarþjónustu á meðan mál þess er til meðferðar skal hún tafarlaust tilkynna flutninginn til barnaverndarþjónustu í umdæminu sem barnið flytur í og upplýsa hana um stöðu málsins. Barnaverndarþjónusta í umdæminu sem barnið flytur í ber að taka strax við meðferð málsins og tryggja samfellu í vinnslu og meðferð þess.



Barnaverndarþjónustunum er heimilt að hafa áframhaldandi samskipti um málið að því marki sem það er nauðsynlegt til að tryggja samfellu í meðferð þess.

Barnaverndarþjónusta sveitarfélaga mun því sinna áfram þeim verkefnum sem falin eru starfsfólki barnaverndarnefnda í dag.

Umdæmisráð barnaverndar

Samkvæmt nýrri 13. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 skal í umdæmi hverrar barnaverndarþjónustu vera starfrækt umdæmisráð barnaverndar. Sveitarfélögin geta gert samning sín á milli um sameiginlegt umdæmisráð óháð íbúafjölda hvers sveitarfélags. Umdæmisráð verða sérstakar stjórnsýslunefndir á vettvangi sveitarfélaganna og munu vera sjálfstæð í störfum sínum og standa utan við almenna stjórnsýslu sveitarfélaganna. Ráðsmenn taka þannig ekki við fyrirætlum um meðferð einstakra mála. Í fyrirnefndri lagagrein er sérstaklega fjallað um og skilgreint með nánari hætti hvaða ákvarðanir umdæmisráð tekur um úrskurði. Valdsvið umdæmisráðanna er þannig skýrt og afmarkað og lýtur að þeim málum þar sem úrskurða þarf í barnaverndarmáli. Umdæmisráðin fara með afmörkuð verkefni í tengslum við meðferð barnaverndarmála og takmarkað valdsvið og má þar helst nefna:

1. Beiting úrræða án samþykkis forsjáraðila sbr. 26. gr.
2. Vistun utan heimilis í allt að 4 mánuði í stað 2 mánaða.
3. Heimild til þess að gera kröfu fyrir dómi um vistun utan heimilis til allt að 12 mánaða.
4. Heimild til að gera kröfu um forsjárviptingu.
5. Umgengni í fóstri og við vistun utan heimilis.

Eitt af meginmarkmiðum frumvarpsins er að umdæmisráðin verði faglega öflug og lögð er áhersla á aðskilnað barnaverndarþjónustu og umdæmisráðs barnaverndar í því samhengi. Lengi hefur verið kallað eftir niðurlagningu pólitískt kjörinna barnaverndarnefnda sveitarfélaganna og er lagabreytingunni ætlað að svara því.

Umdæmisráð barnaverndarþjónustu sveitarfélags skal skipað þremur ráðsmönnum; einn félagsráðgjafi, einn sálfræðingur og einn lögfræðingur sem jafnframt er formaður. Ráðsmenn skulu hafa hið minnst þriggja ára reynslu í barnavernd. Ráðsmenn þurfa ekki að eiga lögheimili í umdæmi viðkomandi umdæmisráðs og getur sami einstaklingur setið í fleiri en einu umdæmisráði. Ekki er heimilt að skipa ráðsmann sem starfar við barnaverndarþjónustu í viðkomandi umdæmi. Varamenn í umdæmisráðinu skulu skipaðir með sama hætti.

Umdæmisráðin hafa ekkert um störf barnaverndarþjónustu sveitarfélags að gera eða þær ákvarðanir sem eru teknar. Ráðið getur gert athugasemdir við málsmeðferð í viðkomandi máli, innan barnaverndarþjónustu sveitarfélagsins í tengslum við



úrskurði. Umdæmisráðin verða ekki í neinum sérstökum tengslum við barnaverndarþjónustu sveitarfélaganna.

Núgildandi fyrirkomulag hjá barnavernd Kópavogsbæjar og barnaverndarnefnd er með þeim hætti að deildarstjóri barnaverndar, lögfræðingur og sviðsstjóri taka undirbúningsfundi með formanni áður en fundur barnaverndarnefndar hefst og sitja auk þess alla fundi barnaverndarnefnda. Starfsfólk barnaverndar mætir svo inn á fundinn þegar fyrirtaka er í málum ásamt aðilum mála og þeirra lögmönnum. Mikil og góð samvinna er á milli starfsmanna barnaverndar og nefndarmanna og formaður upplýstur og undirbúinn undir þau mál sem lögð eru fyrir fundi hverju sinni, sem og aðrir nefndarmenn. Ekki liggur fyrir hvernig mætingum verður háttað hjá nýju umdæmisráði en telja verður líklegt að eingöngu starfsmaður þess máls sem umdæmisráðið er að taka til umfjöllunar og úrskurðar mæti, ásamt lögfræðingi barnaverndarþjónustu sveitarfélagsins.

Þrjár sviðsmyndir koma til greina vegna umdæmisráðs barnaverndar Kópavogsbæjar og unnið er að samantekt vegna þessa. Þær sviðsmyndir lúta að eftirfarandi:

1. Í umdæmi barnaverndarþjónustu Kópavogsbæjar verði umdæmisráð barnaverndar eingöngu fyrir Kópavogsbæ.
2. Sameiginlegt umdæmisráð barnaverndarþjónustu Kópavogsbæjar og annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
2. Sameiginlegt umdæmisráð barnaverndarþjónustu Kópavogsbæjar og allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Enn er margt óljóst varðandi fyrirkomulag umdæmisráða barnaverndar og mun skýrast eftir því sem fram vindur. Ákvörðun um fyrirkomulag Kópavogsbæjar hvað varðar umdæmisráð mun stýra þeim undirbúningi sem þarf að eiga sér stað og snýr t.d. að húsnæðismálum, umsýslu vegna umdæmisráða, kostnaðar, skipan ráðsmanna og auglýsingaferli. Ráðherra er heimilt að setja fram hæfiskröfur ráðsmanna í reglugerð en ekki liggur fyrir hvort eða hvenær slík reglugerð verður gefin út.

Barnaverndarstofa hefur til margra ára haldið námskeið til handa nýkjörnum fulltrúum barnaverndarnefnda sveitarfélaganna sem starfsfólki hefur einnig gefist kostur á að sitja. Þann 1. janúar 2022 mun ný stofnun taka við af fráfarandi Barnaverndarstofu og verður Barna- og fjölskyldustofa. Ekki liggur fyrir hvort hin nýja stofnun muni gegna sama fræðsluhlutverki til handa umdæmisráðum eða hvort sveitarfélögum sé alfarið ætla að bera ábyrgð á að ráðsmenn sem taka sæti í umdæmisráði hafi sannarlega reynslu og þekkingu af málsmeðferð barnaverndarmála, fyrirlögn mála og þekkingu af málum er varða þvingun og úrskurði um úrræði, vistun utan heimilis eða forsjársviptingar. Kallað hefur verið eftir leiðbeiningum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og nýju Mennta- og barnamálaráðuneyti vegna þessa.



Breytingar á einstaka lagagreinum sem er vert að fjalla sérstaklega um

Nánar er fjallað um helstu lagabreytingar í frumvarpi til breytinga að núgildandi barnaverndarlögum sem og greinargerð sem fylgir með frumvarpinu en rétt að ávarpa nokkrar til upplýsingar.

35. gr. Úrræði gagnvart þeim sem vinna með börnum

Þessi lagagrein fellur að öllu leyti á brott með breyttum lögum. Lagagreinin fjallar um þegar barnaverndarnefnd fær ábendingu um að atferli manns sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant. Í þeim tilvikum hefur barnaverndarnefnd sveitarfélags tekið ákvörðun um könnun, kannað mál og látið vinnuveitanda í té upplýsingar um niðurstöðu könnunar og sett fram tillögur til úrbóta. Lengi hefur verið kallað eftir því að barnaverndarnefndum sveitarfélaganna sé ekki falin umsýsla þessara mála þar sem iðulega kemur fram misskilningur um hlutverk barnaverndar og hlutverk og ábyrgð vinnuveitanda. Barnaverndarnefnd ber aldrei vinnuveitendaábyrgð í slíkum málum og hafa verið nokkur vandkvæði við framkvæmd þessa ákvæðis m.a. þar sem barnaverndarnefndir hafa ekkert vald eða neitt um málefni tiltekinna starfsmanna t.d. leik- og grunnskóla, að segja. Með lagabreytingum verður það ekki lengur í höndum barnaverndarnefnda að taka á móti tilkynningum um háttsemi þeirra sem starfa með börnum. Alltaf þarf þó að tilkynna til barnaverndar, eins og áður, ef grunur er um að barn hafi orðið fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Aðkoma barnaverndarþjónustunnar mun því eingöngu snúa að því upplýsa vinnuveitanda um háttsemi viðkomandi starfsmanns og í sumum tilvikum óska eftir lögreglurannsókn.

22. gr. Könnun máls - Barnahús

Í 12. gr. frumvarpsins var bætt við nýrri málsgrein við núgildandi 22. gr. sem kveður á um að barnaverndarþjónusta beri að óska eftir þjónustu Barnahúss við könnun máls er grunur leikur á að barn hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi eða alvarlegu líkamlegu eða andlegu ofbeldi. Þjónusta Barnahúss er mjög mikilvæg þegar um er að ræða alvarlegt ofbeldi og er því mikið framfaraspor að gera kröfu með lagastoð um aðkomu Barnahúss að málum þar sem uppi er grunur um ofbeldi gegn barni.

30. gr. Úrræði vegna ófæddra barna

Ef könnun leiðir í ljós að lífi og heilsu ófæddes barns sé stefnt í hættu með lífernir eða háttsemi verðandi foreldra, skal barnaverndarþjónustan beita úrræðum laganna í samráði við verðandi foreldra. Hafi vægari úrræði verið reynd og barnshafandi einstaklingur stefnir lífi og heilsu ófæddes barns í hættu t.d. með vímuefnaneyslu, getur barnaverndarþjónustan sett fram kröfu fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis hins barnshafandi einstaklings skv. ákvæðum lögræðislaga.

Barnaverndarnefndir sveitarfélaganna hafa lengi kallað eftir breytingum í þessa átt á barnaverndarlögum og lögræðislögum, enda ljóst að núverandi ákvæði barnaverndarlaga með tilvísan til lögræðislaga dugir ekki til að sjálfræðissvipta barnshafandi einstaklinga stofni þeir heilsu eða lífi ófæddes barns í hættu. Hér er um mjög mikilvæga réttarbót að ræða til að hægt sé að vernda líf ófæddra barna. Sú



staða hefur komið upp hjá barnaverndarnefndum sveitarfélaga, að barnshafandi móðir var samþykk sjálfræðissviptingu til að vernda ófætt barn sitt, þar sem hún treysti sér ekki sjálf til þess. Þó móðir hafi verið samþykk sjálfræðissviptingu var ekki hægt að fallast á slíkt fyrir dómi, þar sem lagaskilyrði skorti þar sem alvarleg vímuefnaneysla ein og sér er samkvæmt lögræðislögum ekki næg ástæða til að sjálfræðissvipta barnshafandi einstakling.

Í lögnum er auk þess lögð meiri áhersla á réttindi og sjónarmið barns þegar kemur að vinnslu mála og ákvarðanatöku. Þær breytingar eru mjög til bóta og komin er skýr lagastoð um rétt barna til þess að tjá sig við vinnslu máls. Huga verður þó að því að því verður ekki komið við með góðu móti nema að auknum tíma starfsmanna sé varið til þess eða með frekari aðkomu talsmanna sem hefur kostnaðarauka í för með sér.

Ennfremur er fjallað um sameiginlegan gagnagrunn hjá barnaverndarþjónustum sveitarfélaganna sem eiga m.a. að tryggja öruggt og gott flæði upplýsinga þegar barnaverndarmál flytjast á milli sveitarfélaga svo unnt sé að bregðast fyrir við. Sú vinna er hafin innan ráðuneyta og með aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga en viðbúið að muni taka tíma.

Samþætting og barnaverndarlög

Mikið hefur verið fjallað um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og verið lögð mikil áhersla á fræðslu og kynningar í þeim efnum. Verður ekki staldrað sérstaklega við farsældina hér að öðru leyti en að minna á að í nýjum barnaverndarlögum verður til ný lagagrein sem fjallar sérstaklega um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns við könnun máls.

Ef fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns tekur barnaverndarþjónusta þátt í samþættingu þjónustunnar frá upphafi barnaverndarmáls. Að öðru leyti gilda lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna meðan á könnun stendur. Ef ekki liggur fyrir beiðni um samþættingu þjónustu ber barnaverndarþjónustu við upphaf barnaverndarmáls, og eftir þörfum á meðan könnun vindur fram, að leiðbeina foreldrum og/eða barni um rétt samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Ef ekki er til staðar beiðni um samþættingu þjónustu hjá forsjáraðilum eða forsjáraðilar hafna beiðni um samþættingu, en ríkar ástæður eru fyrir hendi að tryggja þurfi barni samþættingu engu að síður, getur barnaverndarþjónustan farið með málið til umdæmisráðs og lagt til að ráðið úrskurði um samþættingu þjónustu í þágu barns líkt og um úrskurð vegna annarra úrræða sé að ræða.

Samantekt

Breytingar á barnaverndarlögnum og ný lög um samþættingu þjónustu í þágu barna sem taka gildi á árinu 2022, er sannarlega fagnaðarefni og gefur tilefni og tækifæri til enn frekari úrbóta og gæða í þjónustu við börn og fjölskyldur. Framundan er vinna hjá velferðarsviði Kópavogsbæjar að undirbúa tillögur að mismunandi sviðsmyndum



sem koma til greina vegna umdæmisráðs. Huga þarf að öllum undirbúningi tímanlega og í góðu samstarfi við stjórnsýsluvið, bæjarritara og bæjarlögmann, þar sem ljóst er að umdæmisráðin skulu taka til starfa þann 28. maí 2022.

Vert er að fylgjast vel með þróun kostnaðar þegar umdæmisráðin taka við af barnaverndarnefndum sveitarfélaganna sem og kröfum um þjónustu vegna samþættingar í þágu farsældar barna. Það skiptir sveitarfélögin miklu máli að tryggt sé að breyttum verkefnum með lagabreytingum fylgi fjármagn til handa velferðarþjónustu og barnavernd svo sómi sé að.

Virðingarfyllst,

Sigrún Þórarinsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs